

# Flokkun í anda hringrásarhagkerfis

## áhersluverkefni í Sóknaráætlun Vesturlands 2022-2024

### LOKASKÝRSLA

## 1 Inngangur

Með samningi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), dags. 16. janúar 2023, tók Environice (Umhverfissráðgjöf Íslands ehf.) að sér að stýra verkefninu *Flokkun í anda hringrásarhagkerfis*, sem var áhersluverkefni í Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024.<sup>1</sup> Tilgangurinn með verkefninu var að draga verulega úr því magni úrgangs sem fer til förgunar frá aðilum á Vesturlandi og bæta þar með nýtingu auðlinda, m.a. með hliðsjón af þeim breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs sem tóku gildi í janúar 2023.

Í upphafi var gert ráð fyrir að verkefnið myndi m.a. fela í sér eftirtalda verkþætti:

- Kortlagning fyrirtækja á Vesturlandi þar sem líklegt þykir að mest falli til af lífrænum úrgangi, (svo sem matvöruverslanir, matvælavinnslur og veitingastaðir).
- Samskipti við valin fyrirtæki á Vesturlandi (sbr. tl. 1), þar sem fyrirtækjunum verður boðið til samstarfs við að greina leiðir til að bæta nýtingu lífræns úrgangs sem fellur til hjá þeim.
- Heimsóknir til fyrirtækja (sbr. tl. 2), þar sem, meðhöndlun úrgangs (lífræns úrgangs og annars) verður kortlögð og leiðbeint um leiðir til úrbóta, bæði hvað varðar flokkun á staðnum og ráðstöfun þess úrgangs sem flokkaður verður. Þessi verkhluti verður eftir atvikum unninn í samvinnu við þjónustuaðila sem annast úrgangsbjónustuna á hverjum stað.
- Ráðgjöf til fyrirtækjanna að loknum heimsóknum til að fylgja eftir og leiðbeina um þær aðgerðir sem fyrirtæki ákveða að ráðast í. Þessi ráðgjöf fer einkum fram í gegnum síma eða með rafrænum samskiptum. Ráðgjöfin miðast við ákveðinn hámarksstundafjölda fyrir hvert fyrirtæki, samkvæmt nánara samkomulagi við verkkaupa.
- Ráðgjöf til sveitarfélaga innan SSV um innleiðingu nýrra lausna í flokkun og meðhöndlun úrgangs, gjaldtöku o.fl., til samræmis við áherslur hringrásarhagkerfisins og nýjustu breytingar á úrgangslöggjöfni.
- Almennir kynningarfundir, bæði fyrir almenning og rekstraraðila, til þess að fræða um mikilvægi flokkunar, endurvinnslu og bættrar auðlindanýtingar.
- Fræðsluefni fyrir íbúa og fyrirtæki á Vesturlandi um mikilvægi flokkunar, endurvinnslu og bættrar auðlindanýtingar, með hliðsjón af þeim lærdómi sem draga má af verkefninu.
- Greinargerð/lokaskýrsla þar sem gerð er grein fyrir framgangi verkefnisins, árangri samstarfsfyrirtækjanna og helstu atriðum sem bíða úrlausnar til að unnt verði að tryggja og viðhalda bestu mögulegu nýtingu þeirra auðlinda sem um ræðir.

<sup>1</sup> <https://ahersluverkefni.ssv.is/soknaraaetlun-vesturlands-forsida/ahersluverkefni/flokkun>.

---

Umfang einstakra verkþátta var ekki að fullu ákveðið við upphaf verkefnisins, en var þróað eftir því sem verkefninu vatt fram, í nánu samstarfi SSV og Environice.

Upphaflega var gert ráð fyrir að verkefnið hæfist snemma árs 2023 og lyki fyrir árslok. Þetta gekk að vissu leyti eftir, en veigamiklir þættir voru þó unnir á árinu 2024, einkum hvað varðaði samstarf við fyrirtæki, sbr. tl. 1-4 hér að framan. Verkefninu var að fullu lokið í desember 2024.

Environice vill koma á framfæri sérstöku þakklæti til starfsfólks SSV fyrir einstaklega þægilegt samstarf við framkvæmd verkefnisins sem hér um ræðir. Einnig er ástæða til að þakka fulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja sem tóku beinan þátt í verkefninu eða lögðu því lið með miðlun upplýsinga og fróðleiks.

Þetta skjal hefur að geyma samantekt um framgang verkefnisins (sbr. tl. 8 hér að framan), svo og um árangur, afrakstur og atriði sem bíða úrlausnar.

## 2 Framkvæmd og afrakstur einstakra verkþátta

### 2.1 Minnisblað um dýraleifar

Strax í upphafi verkefnisins kom fram ósk um að innan ramma þess yrði unnið minnisblað um ráðstöfun dýraleifa, þar sem leitast væri við að varpa ljósi á skyldur sveitarfélaga hvað þetta varðar, svo og helstu ráðstöfunarleiðir sem væru tiltækar eða til greina kæmi að byggja upp. Samband íslenskra sveitarfélaga hafði aðkomu að gerð minnisblaðsins að því marki sem takmarkaðar fjárheimildir gáfu tilefni til. Litið var svo á að gerð minnisblaðsins félli undir tl. 5 hér að framan.

Vinnan við dýraleifaminnisblaðið varð umfangsmeiri en ætlað var í fyrstu, enda málaflókkurinn flókinn og ákveðin óvissa uppi um eðlilega verkaskiptingu milli eigenda dýraleifanna, sveitarfélaga og ríkisins, svo og milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (URN) annars vegar og matvælaráðuneytisins (MAR) hins vegar. Minnisblaðið var endanlega birt 10. mars 2023,<sup>2</sup> en innihald þess hafði áður verið kynnt að einhverju leyti fyrir Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum 6. mars og fyrir stjórn SSV 8. mars. Minnisblaðið vakti talsverða athygli og hafði að öllum líkindum marktæk áhrif á umræðu innanlands um ráðstöfun dýraleifa. Eftir að minnisblaðið kom út var það m.a. kynnt fyrir stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. 14. mars og fyrir Byggðaráði Borgarbyggðar 16. mars. Þann 23. maí 2023 gekk Environice frá sérstakri athugasemd við minnisblaðið á grundvelli framkominna ábendinga um ábyrgð sveitarfélaga á málaflóknum, þar sem við nánari skoðun kom í ljós að dýraleifar falla ekki undir lög og reglugerðir um úrgangsmál, nema í tilteknum tilvikum.<sup>3</sup> Minnisblaðið var síðar einnig kynnt á sérstökum fundi SSV um ráðstöfun dýraleifa 21. febrúar 2024, en þá höfðu MAR, URN og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) komið sér saman um að vinna að útfærslu á samræmdu söfnunarkerfi dýraleifa í áhættuflokki 1 (CAT1) á landsvísu með það að markmiði að koma þeim í viðeigandi úrvinnslu eða förgun. Finnska ráðgjafafyrirtækið GMM kom að þeirri vinnu og byggði þar

---

<sup>2</sup> <https://ssv.is/utgafur/minnisblad-um-radstofun-dyraleyfa>.

<sup>3</sup> <https://ssv.is/utgafur/athugasemd-vid-minnisblad-um-radstofun-dyraleyfa>.

---

m.a. á reynslu af sambærilegum kerfum í Finnlandi og Noregi, en fyrirkomulag þessara mála á hinum Norðurlöndunum hafði einmitt verið rakið allítarlega í minnisblaði Environice.

## 2.2 Minnisblað um ýmis úrgangsmál á Vesturlandi

Í maí 2023 gekk Environice frá minnisblaði um ýmis úrgangsmál á Vesturlandi, þar sem fjallað var um nokkur atriði sem borið hafði á góma í vinnu að verkefninu sem hér um ræðir.<sup>4</sup> Í minnisblaðinu var fjallað sérstaklega um sérsöfnun, einkum m.t.t. aðskilnaðar pappírs og plasts, um svonefndar „botnlangastöðvar“ sem hugsanlega gætu leyst söfnun við húsvegg af hólmi, um valkosti í söfnun og ráðstöfun lífúrgangs, um nýtingu garðaúrgangs og um eignarhald, flokkun og gjaldtöku á móttökustöðvum.

## 2.3 Ráðgjöf til einstakra sveitarfélaga

Einstök sveitarfélög á Vesturlandi gátu leitað til Environice innan ramma verkefnisins varðandi ráðgjöf um innleiðingu nýrra lausna í flokkun og meðhöndlun úrgangs, gjaldtöku o.fl., til samræmis við áherslur hringrásarhagkerfisins og nýjustu breytingar á úrgangslöggjöfinni, sbr. tl. 5 hér að framan. Sex af níu sveitarfélögum í landshlutanum nýttu sér þetta að einhverju leyti. Frumkvæðið kom þá í öllum tilvikum frá sveitarfélögunum sjálfum.

### 2.3.1 Hvalfjarðarsveit

Hvalfjarðarsveit nýtti sér aðgang að ráðgjöfinni sem hér um ræðir við skoðun á nokkrum þáttum úrgangsmála á tímabilinu mars-nóvember 2023. Helstu verk í því sambandi voru fundur Environice með umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins 23. febrúar 2023, fundur með umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd 15. mars 2023 og yfirferð yfir drög að nýrri gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs haustið 2023.

### 2.3.2 Borgarbyggð

Fulltrúi Environice mætti á fund með Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar 20. febrúar 2023 þar sem farið var yfir helstu viðfangsefni nefndarinnar í úrgangsmálum. Einnig fékk byggðaráð sérstaka kynningu á minnisblaði um dýraleifar, sjá framar.

### 2.3.3 Eyja- og Miklaholtshreppur

Að beiðni oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps tók Environice saman minnisblað um núverandi stöðu og nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi úrgangsmála í hreppnum. Þessi vinna hófst með fundi með oddvita í byrjun október 2023 og lauk með afhendingu minnisblaðsins um miðjan nóvember.

### 2.3.4 Grundarfjarðarbær

Auk almennrar ráðgjafar um nokkra þætti úrgangsmála var Environice Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ innan handar í aðdraganda sameiginlegs útboðs á úrgangspjónustu fyrir sveitarfélögin og vann síðan með öðrum ráðgjöfum við rýningu gagna o.fl. á fyrri stigum útboðsvinnunnar. Þessi vinna stóð yfir frá því í mars 2023 og fram á haustið. M.a. mætti fulltrúi Environice á vinnufund í Grundarfirði 29. september 2023 með bærarstjórunum og ráðgjöfum við gerð útboðsgagna. Auk þess sem hér hefur verið nefnt tók Environice í apríl 2024 saman óformlega punkta að beiðni bærarstjóra um kvarnir í eldhúsvaska.

---

<sup>4</sup> <https://ahersluverkefni.ssv.is/wp-content/uploads/2023/08/Minnisblad-um-ymis-urgangsmal-a-Vesturlandi-230523.pdf>.

---

### 2.3.5 Snæfellsbær

Auk almennrar ráðgjafar um nokkra þætti úrgangsmála var Environice Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ innan handar í aðdraganda sameiginlegs útboðs á úrgangspjónustu fyrir sveitarfélögin og vann síðan með öðrum ráðgjöfum við rýningu gagna o.fl. á fyrri stigum útboðsvinnunnar. Þessi vinna stóð yfir frá því í mars 2023 og fram á haustið. M.a. mætti fulltrúi Environice á vinnufund í Grundarfirði 29. september 2023 með bæjarstjórunum og ráðgjöfum við gerð útboðsgagna.

### 2.3.6 Dalabyggð

Þann 13. mars 2023 fundaði Environice með sveitarstjóra og öðrum starfsmönnum Dalabyggðar á sviði úrgangsmála. Á fundinum var farið yfir helstu áskoranir sem sveitarfélagið stóð frammi fyrir í þessum málum og mögulegar lausnir á þeim. Í framhaldinu aðstoðaði Environice sveitarfélagið lítils háttar við athugun á tilteknum þáttum.

## 2.4 Fyrirtækjaverkefni

Í ágúst 2023 auglýsti SSV eftir áhugasömum rekstraraðilum á Vesturlandi til að taka þátt í verkefni,<sup>5</sup> sbr. tl. 1-4 í inngangi hér að framan. Áhersla var lögð á að ná til aðila þar sem líklega félli til talsvert af lífrænum úrgangi og því var áhersla lögð á matvöruverslanir, matvælavinnslur og veitingastaði. Ætlunin var að fá fjögur fyrirtæki til þátttöku úr hverjum þessara þriggja flokka, þ.e.a.s. 12 fyrirtæki samtals. Í auglýsingu kom fram að ráðgjafi myndi heimsækja fyrirtækin og í þeirri heimsókn yrði meðhöndlun úrgangs kortlögð og leiðbeint um leiðir til úrbóta. Einnig var ætlunin að ráðgjafi gæti liðsinnt fyrirtækjunum að vissu marki í framhaldinu.

Viðbrögð við auglýsingunni reyndust nokkuð undir væntingum. Samtals bárust sex umsóknir, þar af ein frá Samkaupum sem rekur fjórar matvöruverslanir á Vesturlandi. Þrjár umsóknir bárust frá matvælavinnslum og tvær frá veitingastöðum. Aðeins eitt af matvælavinnslufyrirtækjunum þremur sýndi áhuga á þátttöku þegar til kom og aðeins annar tveggja veitingastaða. Vegna annríkis í veitingarekstrinum tókst síðan ekki að finna tíma sem hentaði bæði ráðgjafanum og þessum eina veitingastað. Þegar upp var staðið náði verkefnið því aðeins til tveggja fyrirtækja með samtals fimm starfsstöðvar. Að loknum undirbúningi hófst vinna við verkefnið í janúar 2024 og lauk fyrir árslok.

### 2.4.1 Samkaup hf.

Sem fyrr segir starfrækir Samkaup fjórar matvöruverslanir á Vesturlandi, þ.e.a.s. Krambúðir í Búðardal og á Akranesi, Kjörbúð í Grundarfirði og Nettóverslun í Borgarnesi. Fulltrúi Environice heimsótti allar þessar verslanir í janúar og febrúar 2024 í fylgd Bergrúnar Óskar Ólafsdóttur, verkefnastjóra umhverfis og samfélags hjá Samkaupum. Í heimsóknunum var aðaláhersla lögð á að greina núverandi stöðu og mögulegar úrbætur í ráðstöfun lífræns efnis sem fellur til í verslununum, þ.e.a.s. annars vegar matvæla sem enn eru neysluhæf en ekki lengur söluvara og hins vegar lífúrgangs. Í ljós kom að allar verslanirnar höfðu lagt mikið upp úr ráðstöfun þessa efnis og fundið leiðir til að nýta það sem best, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Bergrún hafði leitt þetta starf og miðlað þekkingu og reynslu milli verslana innan keðjunnar.

Nokkrar þeirra ráðstafana sem Samkaupsverslanirnar höfðu gripið til áður en það verkefni sem hér um ræðir hófst eru tilgreindar hér að neðan. Hvert atriði um sig á eftir

---

<sup>5</sup> <https://ssv.is/frettir/auglyst-efrir-umsoknum-flokkun-i-anda-hringrasarhagkerfis>.

---

atvikum við eina eða fleiri verslanir á svæðinu, en bestu lausnirnar hljóta jafnan að taka m.a. mið af eðli og samsetningu nærsamfélagsins, fjölda og getu starfsfólks, aðstöðu til frágangs og flokkunar inni í verslun og á lóð o.s.frv.:

1. Vörum sem komnar eru nálægt síðasta söluvegi er stillt upp á áberandi stað fremst í versluninni og þær seldar með miklum afslætti.
2. Ávextir og grænmeti sem ekki er lengur söluvara er tekið úr umbúðum og umbúðirnar flokkaðar. Bændur sækja síðan lífræna efnið og nota það sem fóður.
3. Í einhverjum tilvikum eru epli sem ekki eru lengur söluvara tekin úr umbúðum og gefin fólki sem nýtir þau sem fóður fyrir smáfugla.
4. Brauð sem ekki er lengur söluvara er tekið úr plastinu, plastinu safnað og brauðið t.d. afhent hestamönnum sem nýta það sem fóður.
5. Birgjar taka í einhverjum tilvikum brauð og eftir atvikum annað lífrænt efni til baka ef fyrirséð er að það muni ekki seljast í viðkomandi verslun. Þetta er þó mjög breytilegt milli verslana og milli flutningsaðila. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um endanlega ráðstöfun þessa efnis, en það mun að einhverju leyti vera nýtt til fóðurs, t.d. fyrir svín.
6. Lífrænt efni sem ekki nýtist með einhverjum þeim hætti sem lýst er hér að framan er alla jafna tekið úr umbúðum og sett í söfnunarílát fyrir lífúrgang. Þó eru dæmi um að efnið fari í blandaðan úrgang í umbúðunum. Í einhverjum tilvikum rukka þjónustuaðilar hærra verð fyrir blandaðan úrgang ef hann inniheldur lífrænt efni.

Almennt reyndust úrgangsmál Samkaupsverslananna vera í góðu lagi og í ljós kom að verslun Nettó í Borgarnesi er í raun flaggskipið hvað þetta varðar. Á lager verslunarinnar eru til að mynda allmargir bakkar fyrir skilavörur, merktir hinum ýmsu birgjum. Þessum vörum er síðan skilað til birgjanna eða þeim ráðstafað með öðrum hætti. Plast er flokkað í fjóra flokka á lager verslunarinnar, þ.e. hart plast, mjúkt glært plast, mjúkt litað plast og óhreint plast. Gengið er frá hverjum flokki í stóran glæran ruslapoka sem settur er í læst ker fyrir plast á baklóð. Þessi forflokkingun plastsins auðveldar frekari flokkun í flokkunarstöð og er til þess fallin að auka verðmæti plastsins í endurvinnslu. Lífrænni þurrvöru er safnað sérstaklega inni á lager til að auðvelda starfsfólki flokkunina og fækka ferðum út á lóð. Þá hanga mjög ítarlegar leiðbeiningar uppi á áberandi stað á lagernum og gengið er eftir því að allt starfsfólk kynni sér þær.

Að heimsóknnum loknum setti Environice fram nokkrar tillögur til úrbóta, að teknu tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Þar á meðal ná nefna eftirfarandi:

1. Kanna möguleika á samstarfi við viðkomandi sveitarfélag, söfnuði og líknarfélög um uppsetningu á frískápum fyrir matvæli sem ekki eru söluvara en fyllilega neysluhæf. Slíkur skápur er þegar til staðar á Akranesi en ekki á hinum stöðunum þremur. Samkaup er tilbúið til samstarfs hvað þetta varðar.
2. Taka allar lífrænar vörur, sem ekki tekst að nýta, úr umbúðum og setja í ílát fyrir lífúrgang í stað þess að henda þeim í umbúðunum í blandaðan úrgang.
3. Kanna möguleika á að koma ósöluhæfu grænmeti og ávöxtum í not til fóðrunar, þar sem það hefur ekki þegar verið gert.
4. Yfirfara samstarf innan viðkomandi húsfélaga um meðhöndlun úrgangs, þannig að tryggt sé að aðstaða til flokkunar lífúrgangs, pappírs og plasts sé aðgengileg í

---

sameiginlegum rýmum, að tryggt sé að hver aðili um sig beri eftir föngum ábyrgð á þeim úrgangi sem til fellur í starfsemi hans og að ílát fyrir úrgang utandyra séu ekki aðgengileg óviðkomandi aðilum.

5. Fjarlægja ólæst ílát og/eða læsa ílátum fyrir blandaðan úrgang á útisvæðum til að fyrirbyggja misnotkun af hálfu óviðkomandi aðila.
6. Yfirfara stærðir íláta og losunartíðni til að lágmarka kostnað, án þess að það komi niður á endurvinnslumöguleikum.

Eftir að heimsóknum lauk aðstoðaði Environice Samkaup lítið eitt við eftirfylgni tiltekinna mála sem rædd voru í heimsóknunum og skilaði einnig minnisblaði til Samkaupa til innri nota þar sem gerð var grein fyrir helstu atriðum úr hverri heimsókn um sig.

#### 2.4.2 Rjómabúið Erpsstöðum

Fulltrúi Environice heimsótti Rjómabúið á Erpsstöðum 14. nóvember 2024. Í heimsókninni var farið yfir úrgangsmál búans almennt, með sérstakri áherslu á lífúrgang sem fellur til í daglegri starfsemi rjómabúsins. Auk hefðbundinnar mjólkurframleiðslu eru þar framleiddir ostar, skyr, ís og fleiri vörur, sem ýmist eru seldar beint til gesta sem koma í rjómabúið eða til aðila utan bú.

Í starfsemi rjómabúsins fellur til töluvert af mysu sem ekki nýtist í framleiðsluvörur. Mysan nýtist að mestu leyti sem fóður fyrir kálfa, en á vissum árstímum er magnið þó umfram það sem kálfarnir torga. Í aðdraganda heimsóknarinnar var rýnt sérstaklega í leiðir til að nýta þetta umframmagn, svo sem með því að hella umframmysu í haughús þar sem hún blandast mykju og nýtist til áburðar. Af stuttri heimildaleit má ætla að sú nýting sé góður valkostur í umhverfislegu tilliti og sé til þess fallin að auka áburðargildi mykjunnar án verulegra breytinga á sýrustigi.<sup>6</sup> Nýting til framleiðslu á matvælum verður þó ávallt í forgangi og nýting til fóðurs þar á eftir. Í framtíðinni verður förgun mysu frá búinu að öllum líkindum alfarið úr sögunni.

Í heimsókninni var farið yfir efnainnihald og endurvinnslumöguleika helstu aðfanga sem nýtt eru í framleiðslu rjómabúsins og helstu úrgangsflokka sem falla til í gestamóttöku. Í þessari yfirferð var m.a. stuðst við vörulýsingar (MSD) frá birgjum. Meðal helstu niðurstaðna úr þeirri yfirferð má nefna eftirfarandi:

1. Hægt er að nýta stóran hluta þess lífræna efnis sem til fellur sem fóður fyrir kálfa og svín, þ.m.t. hvers konar brauð, brauðform o.s.frv.
2. Óhætt er að blanda ómenguðum lífúrgangi í mykju.
3. Öskjur undan framleiðsluvöru til manneldis eru undantekningarlaust úr pappír og nýtast því í pappírsendurvinnslu, jafnvel þótt öskjurnar séu e.t.v. húðaðar með

---

<sup>6</sup> Ítarefni um íblöndun mysu í mykju til áburðar:

- Aysen Akay & Durmus Sert (2020): *The effects of whey application on the soil biological properties and plant growth*. Eurasian Journal of Soil Science 2020, 9 (4) 349-355. <https://dergipark.org.tr/en/download/article-file/1256947>.
- Bhopinder Singh Jatana, Sanjay K. Gami & Quirine M. Ketterings (2023): *Assessing the Impact of Mixing Acid Whey With Dairy Manure On pH and Nitrogen Dynamics During Manure Handling*. Journal of Soil Science and Plant Nutrition. 23, 2878–2890 (2023). <https://doi.org/10.1007/s42729-023-01243-1>.
- Thomas Sepperer, Alexander Petutschnigg and Konrad Steiner (2021): *Effect of Flushing Milk and Acidic Whey on pH and Nitrogen Loss of Cattle Manure Slurry*. Atmosphere 2021, 12(9), 1222; <https://doi.org/10.3390/atmos12091222>.

---

öðru efni. Sama gildir um lok af þessum öskjum ef um slíkt er að ræða. Mjög blautar öskjur og öskjur sem innihalda leifar af t.d. ís og skyri mega blandast við mykju.

4. Æskilegt væri að hætta að láta ísskeiðar úr lífplasti (PLA) fylgja neysluskömmtum af ís og nota eftir atvikum skeiðar úr plasti þess í stað. Plastskeiðar nýtast til endurvinnslu ef rétt er að málum staðið, en skeiðar úr PLA nýtast hvorki til endurvinnslu né í jarðgerð,<sup>7</sup> þrátt fyrir að þær séu jarðgeranlegar skv. upplýsingum frá framleiðanda.
5. Einnota hanskar úr latexi og hárnnet úr pólýester eða svipuðu efni nýtast ekki til endurvinnslu nema þar sem unnt er að koma upp sérstökum söfnunarkerfum. Hagkvæmnismörk fyrir slík kerfi eru mjög háð magni og væntanlega utan seilingar fyrir það magn sem fellur til héraendis. Að óbreyttu verður þetta efni því að fara í blandaðan úrgang, sem æskilegt væri að færi til orkuvinnslu en ekki til urðunar.

## 2.5 Kynningarfundir og fræðsla

Samkvæmt upphaflegri verkefnislýsingu var gert ráð fyrir að haldnir yrðu almennir kynningarfundir, bæði fyrir almenning og rekstraraðila, til þess að fræða um mikilvægi flokkunar, endurvinnslu og bættrar auðlindanýtingar, (sjá tl. 6 í inngangi), svo og að gefið yrði út fræðsluefni fyrir íbúa og fyrirtæki á Vesturlandi um mikilvægi flokkunar, endurvinnslu og bættrar auðlindanýtingar, með hliðsjón af þeim lærdómi sem draga mætti af verkefninu (sjá tl. 7 í inngangi). Eftir talsverðar umræður milli Environice og SSV var ákveðið að falla frá þessu, þar sem ólíklegt þótti að eftirspurn eftir kynningarfundum og fræðsluefni réttlætti þau útgjöld sem óhjákvæmilega hefðu fylgt þessum verkþáttum. Þessi niðurstaða byggði á fyrri reynslu af takmarkaðri fundarsókn á fundum af þessu tagi, svo og á takmarkaðri trú á þeim áhrifum sem hægt væri að hafa með hefðbundinni bæklingaútgáfu í ljósi þess mikla framboðs sem þegar er til staðar á hvers konar upplýsingum um mikilvægi þess að draga úr neyslu og koma úrgangi til endurvinnslu. Sérstaklega voru uppi efasemdir um slagkraft hefðbundinna miðla (prentaðra bæklinga og vefsíðna) í þessu sambandi – og að mati aðstandenda verkefnisins var ekki til staðar nægjanleg þekking, hvorki tækniþekking né kunnátta í félagslegri markaðsfærslu, til að kynningarátak á nútímalegri miðlum, svo sem TikTok, væri líklegt til að skila árangri.

**Tekið saman 11. desember 2024**

***Stefán Gíslason***  
Environice

---

<sup>7</sup> Staðfest í samtölum við þjónustuaðila.